



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

LIME1IN05

Listir og menning 1

| | |
|-----------|--|
| Kennarar: | Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV), annakristin@fsu.is Guðbjörg Bergsveinsdóttir (GB), guðbjorgbergsveinsdottir@fsu.is |
|-----------|--|

Áfangalýsing:

Áfanganum er ætlað að veita nemendum innsýn í hinar ýmsu listgreinar og fjallað er um ólíka þætti listalífsins s.s. myndlist, handverk, hönnun, leiklist o.fl., og þá menningarþætti sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina.

Nemendur skoða áhrif og tilgang lista og nýsköpunar í samfélaginu og í sögulegu samhengi, meðal annars með tilliti til virkni listalífs og efnahagslegra áhrifa.

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist hæfni til að tengja sig við og njóta þeirrar menningar sem hann er hluti af og efla hæfni hans til skapandi starfa.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérkennum mismunandi listgreina
- mikilvægi listsköpunar í samfélaginu
- hvernig stefnur og straumar í listum taka sífellt breytingum
- samspili ólíkra listgreina og hvernig þær hafa áhrif hvor á aðra
- möguleikum sem listnám hefur upp á að bjóða

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skoða og meta eigin gildi og viðhorf til margvíslegra listforma
- vinna á sjálfstæðan og skapandi hátt að verkefnum undir leiðsögn kennara

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja sig við þá menningu sem hann er hluti af
- vera virkur í menningar- og listalífi
- taka þátt í umræðum um menningu og listir
- efla hæfni sína til list- og nýsköpunar
- vinna með öðrum með umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi
- meta, greina og skynja listir og hönnun út frá eigin forsendum

Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.

Námsefni:

Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|-------|---|--|------------------|
| 1-2 | 14. – 24. ágúst | Engin kennsla í áfanganum í viku 1 Kynning á áfanganum, farið yfir námsáætlun og nemendur vinna stutt tímaverkefni um listir og menningu. Kennarar: Anna og Guðbjörg | Verkefni 1 |
| 3-5 | 28. ágúst -14. september <i>Afmæli FSu – 42 ára, mið. 13. september.</i> | Tíska Kennari: Guðbjörg | Verkefni 2-4 |
| 6-8 | 18. -sept – 5. október | Myndlist Kennari: Anna Kristín | Verkefni 5-9 |
| 9 | 9-12. október <i>Haustfrí 12. - 13. október. Valdagur, mið. 18. október. Miðannarmat, lokaskil fös. 20. október.</i> | Skráp Kennarar: Anna Kristín og Guðbjörg | |
| 10-12 | 16. okt – 2. nóvember | Kvikmyndir og leiklist Kennari: Anna Kristín | Verkefni 10-11 |

| | | | |
|--------------|---|--|----------------|
| 13-15 | 6. -23. nóvember | Hönnun Kennari: Guðbjörg | Verkefni 12-13 |
| 16-17 | 27.nóv -6. desember <i>Dimisjón, fös. 1. desember. Síðasti kennsludagur mið. 6. desember. Námsmatsdagur 7. - 13. desember. Sjúkraþróf 14. desember. Brautskráning fös. 21. desember.</i> | Úrvinnsla og skrap Kennarar: Anna og Guðbjörg | |

Sérreglur áfangans:

- Athugið að þetta er símatsáfangi og ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Skila þarf öllum verkefnum samkvæmt námsáætlun og verkefnalýsingum.
- Mikilvægt er að virða skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar of seint dregst 0,5 af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara.
- Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærri einkunn en 5 fyrir verkefni.
- Mikilvægt er að nemandi sé í góðu sambandi við kennara ef hann lendir í vandræðum með verkefnaskil.
- Gefin er einkunnin 0 fyrir verkefni sem ekki er skilað
- Til að standast kröfur áfangans þarf að ná að lágmarki 5 í meðaleinkunn verkefna.

Námsmat:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|-----------------------------|--|------|
| Þátttaka og virkni | | 18% |
| Innsýn í listir og menningu | Kynning á áfanganum (Anna og Guðbjörg) Verkefni 1: Hvað er listir og menning (2%) | 2% |
| Tíska | Verkefni 2: Hvað er tíska (2%) Verkefni 3: Fjölbreyttur fatastíll (3%) Verkefni 4: Textíll, Fatahönnun (15%) | 20% |
| Myndlist | Verkefni 5: Myndlistarsýning í Listagjanni á bókasafni Selfoss 5% Verkefni 6: Ljósmynd 2% Verkefni 7: Haustmynd 5% Verkefni 8: Myndlistarfólk 3% Verkefni 9: Listasöfn og gallerí 5% | 20% |
| Kvikmyndir og leiklist | Verkefni 10: Kvikmynd og leikrit 10 % Verkefni 11: Stuttmynd 10 % | 20% |
| Hönnun | Verkefni 12: Hvað er hönnun 5 % Verkefni 13: Hönnun 15 % | 20% |
| Samtals | | 100% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 18. Ágúst , Anna Kristín og Guðbjörg